

# Ársskýrsla

## árið 2018-2019



## Efnisyfirlit

Inngangur .....	3
1. Aðalfundur Leiknar 2018 .....	4
2. Helstu verkefni stjórnar .....	5
2.1. Fræðsluerindi og vef fréttabréf .....	5
2.2. Innra starf Leiknar .....	7
2.3. Heimasíða og facebook síða .....	8
2.4. Erasmus+ umsókn.....	8
3. Samstarf innanlands .....	10
3.1 Fundur um samfélagsfræðslu flóttafólks .....	10
3.2. Námskeið í menningarnæmi- og færni.....	10
3.3 Samráðsfundur vegna lýðskóla.....	11
3.4. Samstarf við EPALE .....	11
4. Alþjóðlegt samstarf .....	11
4.1. Norrænn fundur í júní 2018.....	12
4.2. Norrænn fundur í janúar 2019 .....	15
4.2. Ársfundur EAEA í Tallinn .....	17
4.3. Ráðstefna 28. Júní. ....	18
5. Þróunarverkefni.....	19
5.1 .GOAL (Guidance and Orientation for Adult Learners) .....	19
5.2. VISKA .....	20

## Inngangur

Hér gefur að líta árskýrslu Leiknar 2018 og er farið yfir störf og verkefni liðins starfsárs. Leikn eru regnhlífasamtök fullorðinsfræðsluaðila á Íslandi með 19 aðildarfélögum. Öll starfsemi stjórnar er unnin í sjálfböðavinnu meðfram öðrum störfum innan fullorðinsfræðslunnar. Við í stjórn Leiknar trúum því staðfastlega að fullorðinsfræðsla geti breytt lífi fólks og samfélögum til hins betra.

Símenntun er almannaheill og á að vera réttur fólks til aukinna lífsgæða og þroska. Þess vegna er markmið Leiknar að halda áfram að vinna að uppbyggingu framsækinnar fullorðinsfræðslu á Íslandi.

## 1. Aðalfundur Leiknar 2018

Aðalfundur Leiknar samtaka fullorðinsfræðsluaðila á Íslandi, fyrir starfsárið 2017-2018 var haldinn þriðjudaginn 24. apríl kl. 14:00-15:00 í Stykkishólmi. Fundurinn var haldinn í samfloti við vorkund Kvasis en því miður var ekki grundvöllur fyrir neinu fræðsluerindi að þessu sinni og Leiknarfélögum bauðst ekki að taka þátt í dagskrá með Kvasi. Þetta var 14. aðalfundurinn frá upphafi. Mættir voru aðilar frá 13 af 19 stofnfélögum en alls 17 þátttakendur. Gengið var til boðaðrar dagskrár en fundarstjóri var kosinn Inga Dóra Halldórsdóttir og fundarritari Helga Þorbjörn Svavarsson.



Guðrún Vala Elísdóttir starfandi formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Guðrún Vala kynnti skýrslu stjórnar og fór yfir helstu verkefni og áherslur starfsársins á glærum. Hún rifjaði upp aðalfund frá árinu áður sem haldinn var í hjá Fræðslunetinu á Selfossi, ráðstefnu sem haldin var í samstarfi við Kvasir sama dag og aðalfundurinn. Þá var ársreikingur lagður fyrir og samþykktur.

Guðrún Vala Elísdóttir hjá Símenntunarmiðstöðinni á Vesturlandi gaf áfram kost á sér til formennsku og var það samþykkt með lófaklappi. Nýr fulltrúi í stjórn var kosinn Ingibjörg Kristinsdóttir hjá Framvegis, en Þuríður Sigurðardóttir frá Fræðslumiðstöð Vestfjarða hætti í stjórn og eru henni þökkúð góð störf fyrir Leikn. Áfram voru í stjórn Anna Kristín Gunnarsdóttir frá Mími, Guðrún Lárusdóttir frá Endurmenntun Lbhí og Helgi Þorbjörn Svavarsson hjá Símei. Í varastjórn sitja þau Helga Gísladóttir frá Fjölmennt og Ólafur Ástgeirsson frá Iðunni Fræðslusetri.

### **Stjórn Leiknar var þannig skipuð starfsárið 2018-2019:**

Guðrún Vala Elísdóttir – formaður (Símenntunarmiðstöð Vesturlands)

Guðrún Lárusdóttir – gjaldkeri (Endurmenntun Landbúnaðarháskóla Íslands)

Helgi Þorbjörn Svavarsson – ritari (Símei)

Anna Kristín Gunnarsdóttir – meðstjórnandi og varaformaður (Mímir)

Ingibjörg Kristinsdóttir – meðstjórnandi (Framvegis)

Helga Gísladóttir – varamaður (Fjölmennt)

Ólafur Ástgeirsson – varamaður (Iðan – fræðslusetur)

Ný stjórn hélt fjóra stjórnarfundi á starfsárinu, sem allir voru haldnir í Reykjavík og/eða í gegnum Skype fundarherbergi. Enn fremur eru tölvupóstar á milli stjórnarfulltrúa eru ígildi stjórnarfunda sbr. fyrri stjórnarsamþykktir. Ákveðið var eins og áður að boða varamenn á alla stjórnarfundi og að þeir tækju fullan þátt í starfinu. Allar fundargerðir stjórnar eru birtar á heimasíðu Leiknar þegar að þær hafa verið samþykktar af stjórnarmönnum. Á vefsíðu Leiknar má einnig finna önnur gögn, skýrslur og vefslóðir sem tengjast starfsemi. Alltaf var boðað til stjórnarfunda með góðum fyrirvara og dagskrá. Leikn greiðir ferðakostnað stjórnarmanna sem koma á fundi utan að landi, en jafnframt reynt að nýta fjarfundi eins og kostur er.

## 2. Helstu verkefni stjórnar

Eftirfarandi eru helstu viðfangsefni og viðburðir í starfi Leiknar á starfsárinu 2018-2019.

### 2.1. Fræðsluerindi og veffréttabréf

Leikn skipulagði sex fjarfræðsluerindi á starfsárinu en markmiðið með fjarfræðsluerindunum er að ná til þeirra sem vinna að fullorðinsfræðslu með stuttum innsögum um það sem efst er á baugi hverju sinni. Erindin voru haldin með sama sniði og áður en hvert erindi er u.þ.b. 20 – 30 mínútna langt og samanstendur af fyrirlestri gestafyrirlesara og umræðum þar sem áheyrendur geta komið með fyrirspurnir. Erindin eru flutt í gegnum Adobe Connect hugbúnað Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og eru allar upptökur gerðar aðgengilegar á heimasíðu og Facebook síðu Leiknar. Þar eru leiðbeiningar um hvernig hægt er að tengjast inn á fjarfræðsluerindin. Veffréttabréf voru send út eftir þörfum til þess að kynna fjarfræðsluna, málþing eða annan fróðleik.

Stjórnarmenn skipta með sér verkum í að finna hugmyndir að fyrirlesturum, en einnig hafa aðilar óskað eftir því að fá að koma erindum að. Fjarfræðsluerindin voru haldin frá nóvember og fram í apríl. Öllum starfsmönnum stofnaðila er ávallt boðið til þátttöku en einnig er hægt að horfa á útsendingu hvar og hvenær sem er af heimasíðu Leiknar eða Facebook síðu. Þátttakendur í beinni útsendingu voru frá 4 – 20 en ekki var alltaf vitað hve margir tóku beinan þátt því sent var í tölvur sem ýmist einstaklingar fylgdust með eða hópar. Ekki er heldur hægt að greina hversu margir horfa á upptökur síðar.

#### ***Fjarfræðsluerindin voru:***

**Þriðjudagur 13. nóvember 2018:** Margrét Sverrisdóttir verkefnisstjóri fullorðinsfræðslu hjá Rannís og EPALE, fjallaði um það helsta sem EPALE, vefgátt fagfólks í fullorðinsfræðslu í Evrópu, hefur upp á að bjóða. Margrét sýndi einnig hugmyndi að einföldum skjalamöppum sem EPALE lætur prenta og geta nýst símenntunarstöðvum fyrir ýmis gögn s.s. prófskírteini o.fl.

**Priðjudagur 18. desember 2018:** Helena Jónsdóttir skólastjóri Lýðháskólans á Flateyri hélt fræðsluerindi um skólann. Kennsla hófst við Lýðháskólann á Flateyri 20. september 2018 með 29 nemendum á tveimur námsbrautum. Á námsbrautinni „Hafið, fjöllin og þú“ miðar námið nýrri upplifun af náttúrunni með því að ferðast um hana, vinna með hana, nýta hana og kanna á öruggan hátt. Stór hluti námsins fer fram utan dyra í öllum veðrum og við hinar ýmsu aðstæður. Á námsbrautinni „Hugmyndir, heimurinn og þú“ miðar námið að því að þroska og þróa nemendur sem skapandi einstaklinga þar sem þeir öðlast þekkingu og færni í ferlum skapandi starfs allt frá hugmyndavinnu, yfir í framkvæmd og miðlun. Lýðháskólinn á Flateyri er samfélag nemenda og kennara sem býður fólki tækifæri til að þroskast og mennta sig í samstarfi við íbúa á Flateyri. Einkunnarorð skólans eru frelsi, þekking og þroski. Hver sem náð hefur 18 ára aldri við upphaf námsannar getur sótt um skólavist við Lýðháskólann á Flateyri.

**13. janúar 2019.** Margrét Sverrisdóttir verkefnastjóri í fullorðinsfræðslu hjá Rannís, veitti fræðslu um hvernig hægt er að sækja um Erasmus + styrki, nánar til tekið í flokkinn Nám og þjálfun. Afar gagnlegt er að hafa hnitmiðar leiðbeiningar þegar sótt er um Evrópustyrki. Umsóknir eru rafrænar en umsóknarfresturinn rann út 12. febrúar. Erindið er á youtube rás og var sett á facebook síðu Leiknar.

**Priðjudagur 22. janúar 2019:** Ásta Sölvadóttir verkefnastjóri úrræða hjá VIRK sagði frá starfsemi VIRK og samstarfi sjóðsins við fjölda fræðsluaðila um allt land. Á síðasta ári fagnaði VIRK starfsendurhæfingarsjóður 10 ára starfsafmæli, en hlutverk hans er að efla starfsgetu einstaklinga í kjölfar veikinda eða slysa með árangursríkri starfsendurhæfingarpjónustu. Tilgangur með þjónustu á vegum VIRK er að aðstoða fólk við að komast til vinnu, en um er að ræða markvissa ráðgjöf og þjónustu á sviði starfsendurhæfingar.

**Priðjudagur 5. mars:** Hildur Hrönn Oddsdóttir, tengiliður NVL á Íslandi fjallaði í erindinu um verkefni NVL á Íslandi og hlutverk þess í norrænu samstarfi. NVL var stofnað 2005 af Norrænu ráðherranefndinni (NCM). Meðal Norðurlandanna er einstakt samstarf á mörgum sviðum, m.a. samstarf í fullorðinsfræðslu á vegum norrænu ráðherranefndarinnar sem er NVL og Nordplus Adult Programme.

**Priðjudagur 2.apríl:** Hróbjartur Árnason lektor við Menntavísindasvið hélt erindið „Hvernig vilt þú standa að þinni eigin starfsþróun?“ þar sem skoðaðir voru áhugi og möguleikar fólks sem vinnur við að skipuleggja nám fyrir fullorðna, kenna og styðja við nám þeirra. Á gagnvirkri vefstofu leiddi Hróbjartur umræður um það sem starfsfólk í símenntunargeiranum er að takast á við í vinnunni og hvernig það sér fyrir sér starfsþróun sína. Í því samhengi kynnti hann líka ýmsa möguleika sem eru í boði og framundan eru við Háskóla Íslands.

Mikil ánægja er almennt með veferindin og Stjórn Leiknar þakkar bæði þeim sem á hlýða og þeim sem hafa haldið erindi og stuðlað að aukinni fræðslu um áhugaverð málefni sem tengjast fullorðinsfræðslu. Aðildarfélagar eru hvattir til þess að koma ábendingum og tillögum um fróðlegt efni til stjórnar.

## 2.2. Innra starf Leiknar

Stjórn Leiknar fundaði um ýmis innri málefni á árinu sem tengjast verkaskiptingu, skipulagi og starfsáætlun. Óformlegur stjórnarfundur (Skype) var haldinn í maí þar sem stjórn skipti með sér verkum, stjórnarfundir framundan skipulagðir, lögð drög að þátttöku á Nordic Baltic fundi auk ársfundar EAEA. Í september var haldinn stjórnarfundur í húsnæði LBHÍ að Árleyni 22, í Reykjavík. Stefnt var á að hafa næsta fund 16. nóvember og tvo fundi eftir áramót auk tölvusamskipta eins og áður. Hefðbundin mál á dagskrá eru t.d. hugmyndir um fjarfræðsluerindi, umræða um samþykktir Leiknar, framhaldsfræðslulögin, heimasíða, samstarfs- og þróunarverkefni, erlent samstarf auk ýmissa annarra erinda.

Leikn er upplýsinga- og samstarfsvettvangur fullorðinsfræðslu og tilgangurinn er að gæta breiðra hagsmuna fullorðinsfræðsluaðila. Skerpa þarf á þeim áherslum sem sameina fullorðinsfræðsluaðila svo þeir sjái sér hag í upplýsinga- og samstarfsvettvangi eins og Leikn er. Almennt er Leikn ekki vel þekkt út á við, en áhersla hefur verið lögð á að ná til almennra félagsmanna í gegnum útsendingar veffréttabréfa og fjarfræðsluerinda með tölvupósti, auk Facebook síðu. Áhersla stjórnar hefur verið á að ná til bæði starfsmanna og stjórnenda með fræðslu, verkefnum og upplýsingamiðlun. Alls eru 157 einstaklingar skráðir á póstlista Leiknar.

Leikn eru áhuga- og leikmannasamtök sem stunda ekki rekstur né halda úti skrifstofu og allir vinna sjálfboðastarf í þágu samtakana samhliða eigin störfum. Stjórnin er sammála um halda áfram að vinna að uppbyggingu framsækinnar fullorðinsfræðslu. Leikn hefur átt í margvíslegu samstarfi við fræðsluaðila, stjórnvöld og stofnanir á sviði menntunar. Enn fremur er Leikn í samstarfi við önnur skyld félög og stofnanir sem styðja við framkvæmd fullorðinsfræðslu. Sérstaklega ber þar að nefna Kvasir. Samtökin eru ekki í formlegu sambandi við stjórnkerfið s.s. mennta- og menningarmálaráðuneyti en fylgjast með þegar kemur að álitsgerðum og sameiginlegum hagsmunum fullorðinsfræðsluaðila.



### 2.3. Heimasíða og Facebook síða

Heimasíða Leiknar er hýst af Netvöktun ehf. og hefur tekist að ná niður kostnaði við rekstur hennar. Mikilvægt er að heimasíða sé virk og er stjórn sammála um að vera vakandi fyrir efni til að setja þar inn. Stjórn hvetur aðildarfélagana til þess að koma á framfæri efni sem þeir telja að þar eigi heima. Nauðsynlegt er að fara reglulega yfir efni síðunnar og gera breytingar og lagfæringar eftir þörfum. Á vefsíðu eru vistuð gögn s.s. samþykktir, fundargerðir, veferindi o.fl. Nokkur óreiða er enn á upptökum á fyrirlestrum á vefnum og kemur til álita að stofna „youtube“ rás fyrir Leikn þar sem veferindin yrðu vistuð. Heimasíða Leiknar er [www.leikn.is](http://www.leikn.is)

Facebook síða Leiknar var stofnuð á árinu og hafa stjórnarmenn aðgang til þess að setja inn efni. Alls hafa 125 manns líkað við síðuna enn sem komið er. Á Facebook síðunni hefur verið talsverð virkni og hefur Guðrún Lárusdóttir gjaldkeri Leiknar aðallega séð um að setja þar inn efni, t.d. alls konar upplýsingar um evrópuverkefni, ráðstefnur, námskeið, fyrirlestra, erindi og fræðslu sem allt snertir fullorðinsfræðslu héraendis sem erlendis. Facebook síða Leiknar er <https://www.facebook.com/Fullordnir/>

### 2.4. Erasmus+ umsókn

Stjórn Leiknar hefur lengi rætt þá hugmynd að fara saman til Danmerkur að heimsækja VEU í Kaupmannahöfn og VUC í Haderslev, Suður Jótlandi. Markmiðið með heimsókn til VEU væri að kynna sér þá hugmyndafræði sem þar er starfað eftir. Hægt er að kynnar sér VEU á síðunni <https://www.veu-center.dk/>. Í Haderslev eru tvær nýjar byggingar, hannaðar með tilliti til þarfa fullorðinna nemenda, nýtingar tækni við nám og kennslu, umhverfismála, lífstíls og hagkvæmni í rekstri. Vefslóð VUC er: [www.vucsyd.dk](http://www.vucsyd.dk). Hugmyndin hlaut góðan hljómgrunn og varaformanni falið að leggja drög að slíkri ferð, kanna möguleika á heimsókn, ferðamöguleika og kostnað.

Upp kom sú hugmynd að sækja um Erasmus+ styrk til fararinnar í flokknum „Nám og þjálfun“. Auk þess tók stjórn ákvörðun um að sækja um styrki fyrir fleiri námsferðir fyrir einstaklinga sem starfa innan aðildarfélaganna. Leikn hafa sem samtök ekki áður sótt um styrki til námsferða, en stjórn telur að slíkt samræmist og falli undir markmið samtakanna. Á meðal markmiða Leiknar eru t.d. að vera í forystu fyrir þróun fullorðinsfræðslunnar á Íslandi og að vera tengiliður erlendra samskipta á Íslandi á sviði fullorðinsfræðslu. Með því að stuðla að þátttöku í námsheimsóknum aðila í Leikn er verið að uppfylla þessi markmið. Yfirmarkmið umsóknarinnar er að starfsfólk innan aðildarfélagana Leiknar geti fengið fræðslu og þjálfun í að eflast í starfi. Leikn og það starfsfólk sem að verkefninu mun koma



mun leitast við að finna nám og þjálfun í Evrópu og stuðla að því að hver og einn finni eitthvað sem hentar viðkomandi innan sinnar fræðslustofnunar. Leikn stefnir á að skipuleggja a.m.k. 4 námsferðir. Eftirfarandi markmið eru sett í forgang með verkefninu:

1. Að efla virka borgaravitund með fullorðinsfræðslu og ýta þar með undir virkari samfélags þátttöku, hvernig hægt sé að fá fræðslu um hvernig best sé að þjálfra gagnýna hugsun, lýðræðislegar umræður og tjáningu á jákvæðan hátt.
2. Að leggja áherslu er á hvernig megi bæta heilsu og vellíðan með fullorðinsfræðslu, ýta undir persónulegan þroska og lífsfyllingu og auka þar með samfélagslega heilsu.
3. Að sjá hvernig lífsleikni í fullorðinsfræðslu getur breytt lífi fólks, opnað á atvinnutækifæri, starfsþróun og félagsleg tengsl.
4. Að læra um félagslega samheldni, gildi og jafnrétti, og hvernig fullorðinsfræðsla geti stuðlað að lýðræði og félagslegum friði.
5. Að kynnast hvernig megi starfstengja fullorðinsfræðslu og ýta undir nýsköpun, framleiðslugetu, sjálfböðastörf og frumkvöðlahæfni.
6. Að fylgjast með og læra um það nýjasta í tölvu- og snjallvæðingu og hvernig best sé að gera fullorðnum kleift að öðlast þá tækni.
7. Að fræðast um fólksflutninga og lýðfræðilegar breytingar, um fjölmennningarlegt nám, aðlögun, nám eldri borgara, miðlun þekkingar milli kynslóða ofl.
8. Að tileinka sér sjálfbærni í fullorðinsfræðslu sem ýtir undir hæfni, upplýsingamiðlun, rökræður, þróun o.fl. í nýrri nálgun í sjálfbærri þróun.
9. Að kynna sér nýjungar í stefnum og straumum í fullorðinsfræðslu í Evrópu og víðar í heiminum.

Við í Leikn teljum að fullorðinsfræðsla leggi mikið af mörkum í áætlunum þjóða og samfélaga; um vöxt og þróun, nýsköpun, við atvinnutækifæri, eigið fé, til félagslegrar samheldni, virkar borgaravitundar, til að draga úr fátækt, loftlagsbreytingum, innri markaða, fólksflutning, fjölmennigar o.fl. Að þessu ofansögðu álitum við mikils virði að geta bætt við þekkingu og þjálfunar innan okkar raða og þar með stuðlað að því að markmiðin náist. Með námsferðum verða til tækifæri fyrir starfsfólk í fullorðinsfræðslugeiranum að til að öðlast hæfni í því að nálgast þarfir fullorðinna

nemenda, sem eru æ fjölbreyttari hópur, og þó menntunarstig hafi aukist hérlendis eru aðrir hópar að stækka s.s. eldri borgarar, innflytjendur og flóttafólk.

Sótt var um 20.360 evrur og bars svar þann 23. apríl s.l. Var tilkynnt um verkefnið „Námsferðir Leiknar“ hefði verið samþykkt og verður styrkt um 16.360.- evrur að hámarki. Nú hefst vinna við að uppfylla tæknileg atriði til þess að veita styrknum viðtöku og námskeið verður haldið í maí fyrir styrkþega, þar sem farið verður yfir mikilvæga þætti í verkefnastjórnun og verkefnaskilum. Þá verður einnig skrifað formlega undir samninga.

Stjórn Leiknar mun síðar auglýsa námsferðir og styrki innan raða aðildarfélaga og mun það verða verkefni á komandi starfsári.

### 3. Samstarf innanlands

Leikn berast gjarnan erindi um samstarf í ýmsum málum sem styðja við framkvæmd fullorðinsfræðslu.

#### 3.1 Fundur um samfélagsfræðslu flóttafólks

Aðilar sem vinna að þjónustu og stuðningi við flóttafólk hér á landi hafa nýverið stofnað teymi á landsvísu um málefni flóttafólks til að vinna að úrbótum í málum sem að því snýr. Teymið hefur fundað tvisvar og skoða hvað sé helst ábótavant. Margir hafa áhyggjur af þeirri samfélagsfræðslu sem flóttafólki stendur til boða. M.ö.o. að engin ákveðin samræmd námskrá sé til, óljóst sé hvaða þættir séu inni í námsefni á hverjum stað, óljóst sé hvort efnið skili sér nægilega vel, hvort framsetning sé með þeim hætti sem gagnist þeim, hvort ekki sé þörf á námsefni sem gagnis síðar meir, og ekki síst hvort fólk með bakgrunn flóttafólks kæmi að því að móta innihald námsefnis útfrá. Teymið boðaði til fundar 24. apríl s.l. þar sem fjallað var um samfélagsfræðslu flóttafólks, og mögulegar úrbætur í samræmi við ofangreint. Leikn áframsendi erindið og fundarboð á aðildarfélaga sem hafa verið eða munu mögulega sinna slíkri fræðslu.

#### 3.2. Námskeið í menningarnæmi- og færni

Námskeið um menningarnæmi- og færni fyrir starfsfólk ríkis og sveitarfélaga var haldið dagana 25. mars – 28. mars í Reykjavík, Akureyri og á Reyðarfirði. Færustu sérfræðingar Evrópu leiðbeindu á námskeiðinu sem var samvinnuverkefni félagsmálaráðuneytisins, Evrópuráðs (Intercultural cities) og Flóttamannastofnunar. Námskeiðið fór fram á ensku. Markmiðið er að auka menningarfærni starfsfólks í opinbera geiranum og er það að verða forgangsverkefni hjá stjórnvöldum. Í kjölfarið var

stofnaður starfshópur á vegum Félagsmálaráðuneytis og er formaður Leiknar ásamt fleirum aðili að hópnum. Starfshópurinn hefur ekki hafið störf enn sem komið er.

### 3.3 Samráðsfundur vegna lýðskóla

Helga Gísladóttir stjórnarmaður til vara sótti fund í menntamálaráðuneytinu í desember vegna frumvarps til almennrar löggjafar lýðskóla. Fundurinn var liður í samráði við hagsmunaaðila, en vinnan við frumvarpið var á hugmyndastigi. Búið var til svokallað „áformaskjal“ sem fór í samráðsgátt ráðuneytisins, þar sem hægt var að koma með athugasemdir. Á fundinum varð nokkur umræða um tengingu við framhaldsfræðsluna og hvort að það væri ekki skynsamlegt að nýta það sem til er fyrir, t.d. þær brautir sem hannaðar hafa verið. Skýrt kom fram að lýðskólarnir væru hugsuð sem viðbót við það sem fyrir væri og fræðslumiðstöðvarnar voru ekki til umræðu. Umræðan var líka um markhóp lýðskólanna og hverju námið myndi skila fólki þar sem það er ekki einingabært. Niðurstaða fundarins var að það væri mjög margt sem þyrfti að ræða vel áður en lögin yrðu að veruleika.

### 3.4 Samstarf við EPALE

Leikn hefur átt í góðu samstarfi við EPALE á Íslandi. Margrét Sverrisdóttir hefur kynnt EPALE í fjarfræðsluerindi og Guðrún Vala hefur sett fréttir o.fl. af vettvangi inn á EPALE síðuna. Guðrún Vala formaður Leiknar sótti ráðstefnu EPALE í Búdapest (Growing together: fostering an inspiring adult learning community) nú í október ásamt Helgu Tryggvadóttur fulltrúa Kvasis, Elfu Hermannsdóttur ambassador EPALE á Íslandi auk Margrétar K. Sverrisdóttur. Á ráðstefnunni var fjallað um notkun EPALE, framtíð og þróun, nýjungar o.fl. í Evrópu.

EPALE hefur látið hanna einfaldar möppur fyrir aðildarfélag Leiknar, sem nýst geta undir ýmsa pappíra, námsgögn og viðurkenningarskjöl o.fl. Möppurnar hafa verið afhentar Leikn og eru komnar í dreifingu.

Ný EPALE ambassador á Íslandi er Guðrún Lárusdóttir gjaldkeri Leiknar.

## 4. Erlent samstarf

Frá upphafi samtakanna hefur Leikn tekið þátt í erlendu samstarfi á sviði fullorðinsfræðslu. Aðallega hefur tíminn farið í vinnu innan norræns- baltnesks hóps (Nordic Baltic Network of National Adult Education) sem er vinnuhópur innan EAEA (European Association for the Education of Adults). Formaður EAEA er hinn danski Per Paludin Hansen. Hingað til hafa verið haldnir tveir fundir á ári þar sem norræni vængur EAEA hittist á öðrum fundinum og á hinum fundinum hafa baltnesku þjóðirnar

bæst við. Stefnt er að því að samnýta ferðir betur og halda seinni norræna fund ársins hér eftir í samfloti við aðalfund EAEA.

Ávinningur þess að Leikn taki þátt í Evrópustarfi sem þessu er virkt tengslanet og innsýn inn í það sem er að gerast í málaflokknum í Evrópu. Hér á landi er allt mun smærra í sniðum og engin skrifstofa fullorðinsfræðsluaðila á meðan reknar eru stórar skrifstofur á Norðurlöndunum með 10-30 starfmönnum. EAEA hefur áhrif á stefnu Evrópusambandsins um óformlega fullorðinsfræðslu og símenntun og vinnur með stofnunum Evrópusambandsins, samtökum borgaralegra félagasamtaka og annarra hagsmunaaðila á alþjóðlegum, evrópskum, innan Evrópusambandsins og innanlandsvettvangi. Starfsmenn samtakanna funda með stefnumótandi aðilum og hagsmunaaðilum, setja fram yfirlýsingar og bregðast við könnunum, en þetta eru þeirra aðal leiðir til þess að hafa áhrif á stefnumótandi aðila.

Leiðbeiningar EAEA um fullorðinsfræðslu á 21. öldinni gefur yfirlit yfir þá málaflokka sem verið er að vinna að og gildin sem samtökin telja mikilvæg. EAEA hefur gefið út yfirlýsingu um fullorðinsfræðslu sem Leikn hefur áhuga á að láta þýða á íslensku.

EAEA skipuleggur einnig viðburði með og fyrir stofnanir ESB fyrir hönd almennra borgara á sviði fullorðinsfræðslu og kemur sjónarmiðum á framfæri á ráðstefnum og í vinnuhópum. EAEA er nú aðili að ET2020 vinnuhópunum um fullorðinsfræðslu og um menntun. Heimasíða EAEA er:

<https://eaea.org/>

#### 4.1. Norrænn fundur í júní 2018

Í gegnum tíðina hefur norræni hluti EAEA samtakanna (European Association for the Education of Adults) hist tvisvar á ári og á annan fundinn hefur fulltrúum baltnesku þjóðanna verið boðið að taka þátt. Vorfundur 2018 var haldinn í Stokkhólmi dagana 18.-19. júní, þar sem David Samuelsson framkvæmdastjóri hjá Studieförbunden ([www.studieforbunden.se](http://www.studieforbunden.se)) var gestgjafinn.



Fundinn sóttu tveir fulltrúar Leiknar, Guðrún Vala Elísdóttir formaður og Guðrún Lárusdóttir gjaldkeri. Að auki mættu Gro Holstad og Astrid Krohn frá VOFO í Noregi, Per Paludan Hansen formaður EAEA og Trine Bendix Knudsen frá Den Danske Folkeoplysning Samråd (DFS) í Danmörku, Henrika Nordin frá Bildningsalliansen í Finnlandi, Jyrki Ijas frá Folk Highschool movment og Aaro frá Finnish Adult Education Association Finnlandi. Þá tók Antra Carlson frá NVL einnig þátt í fundinum, sem og Celia Skaarup og Stine Hohwü-Christensen DFS í Danmörku.

Í upphafi fundar eftir að hafa fengið kynningu á starfssemi Studieförbunden tók Antra Carlson frá NVL til máls og fór yfir stöðu mála hjá NVL. Sagði hún frá flutningi á aðalskrifstofunni yfir til Danmerkur, en NVL mun hafa sínar aðalstöðvar University College í Aarhus næstu 5 árin. Antra talaði um aukið samstarf NVL við Nordplus og fór yfir helstu verkefni sem eru í gangi og hafa verið að klárast. Nokkur umræða skapaðist um þá þróun á norðurlöndunum að fullorðinsfræðsla sé farin að snúast meira og meira um framhald ofan á fyrri menntun, en grunnmenntun og grunnfærni á ekki auðvelt með að fá framgengi. Þeir sem halda utan um fjármagnið hafa ítrekað skotið á fullorðinsfræðsluna og sagt að þar sé aðallega verið að sinna s.k. „hobbý námskeiðum“.

Í beinu framhaldi af innleggi Öntru var farið yfir stöðu mála í hverju landi fyrir sig út frá fyrirframgefnum spurningum sem hvert land fékk til að svara.

- Describe recent developments your organization
- Describe the political situation in your country regarding adult education

- New knowledge or research in the field
- Examples of activities and projects
- Common themes in your country

Sammerkt var hjá öllum þátttökupjóðunum að það er ennþá á brattann að sækja þegar kemur að fjármagni, þó aðeins hafi rofað til. Málefni innflytjenda liggja þungt á öllum, bæði þá varðandi almennt tungumálanám og aðlögun innflytjenda að nýju landi.

Næst var komið að erindi frá Thomas Björkman sem er höfundur bókarinnar *The Nordic Secret* (<https://www.nordicsecret.org/the-authors/>). Bókin fjallar um hvernig Norðurlandþjóðirnar innleiddu nýja aðferðarfræði þegar kemur að námi. Hugmyndin á rætur að rekja til bæði Þýskalands, Frakklands, Sviss, Bretlands og Bandakíkjana – en upphafið var hjá bændum.

Per Paludan Hansen var næstur en hann er starfandi formaður EAEA samtakanna en á, því miður, ekki sæti í stjórn ICAE sem eru alþjóðasamtökin (International Council for Adult Education). Starfsemin hjá EAEA gengur sinn vanagang. Framundan er ráðstefna og aðalfundur í Eistlandi í lok júní. Þá er unnið að því að fjölga félögum og efla betur Austur- Evrópu þjóðirnar. Hinsvegar gengur ekki eins vel hjá ICEA, þar ríkir í raun hálfgeri ástand. Stjórnin hefur ekki verið virk og því er alveg ljóst að það þarf að taka ákvörðun á þessu ári hvort halda eigi áfram með ICAE eða láta það í dvala.

Seinni dagurinn (19. júní) byrjaði á því að David og Trine fjölluðum um nokkur verkefni sem eru í gangi hjá þeim og á Norðurlöndunum:

#ViMástePrata – Verkefnið hefur fengið fjármagn og gengur verkefnið út á að para fólk með mismunandi skoðanir saman í umræðupör og hópa. Verkefnið gengur ekki út á að efna til rifrilda heldur að umræða eigi sér stað um mismunandi málefni.

„Handbok for demokrater“ – Þekking á lýðræði og því hvað það stendur fyrir hefur dvínað. Það fékkst styrkur til þess að taka saman efni í litla bók sem fjallar um lýðræði út frá mismunandi sjónarhornum.

Nýtt verkefni í Danmörku „Friområde“ – þar sem *folkehøjskolen* og *efterskolen* taka höndum saman. Grunnhugmyndin er einnig hér að útbúa svæði þar sem fólk með mismunandi skoðanir kemur saman og ræðir um hlutina með það fyrir augum að efla sjóneldarhringinn. Markmiðið með þessu er að útrýma hópa- og stéttskiptingu.



Í beinu framhaldi kom Dr. Annika Pastuhov með erindi um sínar rannsóknir. Rannsóknir sem snúa að „Folkbildning. Att vara och agera medborgare. En etnografisk studie i forbildande praktiker“ (Að vera og gerast virkir borgarar). Ritgerðina má í heild finna hér:

[www.doria.fi/bitstream/handle/10024/149218/pastuhov\\_annika.pdf?sequence=2&isAllowed=y](http://www.doria.fi/bitstream/handle/10024/149218/pastuhov_annika.pdf?sequence=2&isAllowed=y)


Fjallað var um verkefnið „Medborgarskap i folkbildning?“ (Ríkisborgararéttur í fullorðinsfræðslu) en það er einnig nýtt og talið mjög mikilvægt til að brjóta niður þá múra sem nú þegar eru komnir á milli innfæddra og nýbúa.

Að lokum var ákveðið að næsti fundur hópsins yrði haldinn á Íslandi í viku 3 árið 2019. Ísland var síðast með fund hér á landi vorið 2014. Á fundi fyrir ári síðan var ákveðið að formennska í hinum norræna væng EAEA myndi fylgja formennsku í norrænu ráðherranefndinni, en Ísland tekur við forystu þar í upphafi árs 2019. Formennska í norræna hluta EAEA færðist því yfir til Íslands í janúar 2019.

#### 4.2. Norrænn fundur í janúar 2019

Fundað var í Hannesarholti í Reykjavík þann 15. janúar.

Þátttakendur voru Gro Holstad frá VOFO í Noregi, Per Paludan Hansen formaður EAEA og Trine Bendix Knudsen frá Den Danske Folkeoplysning Samraad (DFS) í Danmörku, Henrika Nordin frá Bildningsalliansen í Finnlandi, Jyrki Ijas frá Folk Highschool movment í Finnlandi. Antra Carlson frá NVL, David Samuelsson frá Studieförbunden, Margit Düüna og Ena Drenkhan frá Eistlandi (Estonian Non-formal Adult Education Association - ENAEA). Fimm stjórnarmenn Leiknar sátu fundinn, Guðrún Vala, Guðrún Lárusdóttir, Helga Gísladóttir, Anna Kristín Gunnarsdóttir og Ingibjörg Kristinsdóttir. Helgi Þorbjörn Svavarsson var veðurtepptur fyrir norðan og komst ekki. Fundurinn hófst á því að þátttakendur sögðu lauslega frá helstu atriðum og áherslumálum í fullorðinsfræðslu í sínum löndum. Þá kynnti Per Paludan Hansen EAEA og ICAE (International Council for Adult Education).



Antra Carlsson aðalverkefnistjóri NVL fjallaði um það að formennska norrænu ráðherranefndarinnar færðist til Íslands núna í upphafi árs 2019 og hvaða helstu áhrif það hefur á fullorðinsfræðsluna. Áhersla norrænu ráðherranefndarinnar á þessu tíma bili er: Ungt fólk á norðurlöndunum,



ferðamannaíðnaðurinn og hafið. Því næst fjallaði Trine frá Danmörku um fyrri hugmynd hópsins að sækja um stóran sameiginlegan styrk til UNESCO. Verkefnið myndi þá ganga út á varðveislu arfleifðar okkar sem norrænna þjóða og þá m.a. út frá handverki, matarhefðum, þjóðháttum o.fl. Niðurstaða fundarins var hinsvegar sú að umfang umsóknarinnar og sú vinna sem færi í umsókn væri ekki



réttlætánleg á þessari stundu. Verkefnið var því sett í bið.

Helen Grey hjá Iðunni fræðslusetri kynnti verkefnið VSKA (Visible Skills of Adults) sem er Erasmus+ (KA3) stefnumótunarverkefni fjögurra landa. Í verkefninu er sjónum beint að því forgangsatríði í stefnu

Evrópusambandsins að efla starfshæfni innflytjenda og er Leikn í samráðshópi verkefnisins.

Dr. Anna Guðrún Edvardsdóttir aðjúnkt í Háskóla Íslands kynnti doktorsverkefni sitt „How education and research deepen local connections“.

Þá var fjallað um stöðu lýðskóla á Íslandi, og síðan fór Per Paludan Hansen yfir hugmynd að norrænni yfirlýsingum um fullorðinsfræðslu (manifesto) en málinu var frestað um sinn, enda ekki endilega talin þörf á sérstakri norrænni yfirlýsingu.



Á myndinni má sjá þátttakendur á norræna fundinum í Reykjavík frá því í janúar 2019.

#### 4.2. Ársfundur EAEA í Tallinn

Aðalfundur EAEA (European Association for the Education of Adults) var haldinn 27.-28. júní s.l. í Tallinn í Eistlandi, í samfloti með Grundtwig verðlaunahátíðinni og hinni árlegu ráðstefnu EAEA sem bar yfirskriftina „Diverse approaches to cooperations and partnerships“. Guðrún Vala formaður Leiknar sótti fundinn og ráðstefnuna.

Ársfundurinn var með hefðbundnu sniði, og hófst með því að formaðurinn Per Paludan Hansen, ásamt fulltrúum Eista ávarpaði fundargesti. Síðan var gengið til hefðbundinna aðalfundarstarfa.



EUROPEAN ASSOCIATION FOR  
THE EDUCATION OF ADULTS

1. Samþykkt fundargerð frá síðasta ársfundi sem haldinn var 27. júní í Girona á Spáni
2. Kynning og samþykkt ársskýrslu 2017
3. Kynning og samþykktir ársreikninga 2017
4. Kynning og samþykki á nýjum aðildarfélögum

5. Kynning á og samþykki fyrir því að segja upp aðildarfélögum sem hafa ekki greitt árgjöldin eða sagt sig úr EAEA.

6. Kynning og samþykki á nýjum reglum um aðild. Þegar stjórn hefur samþykkt ný aðildarfélög fær hvert nýtt félag reikning fyrir árgjaldi fyrsta hálfu árið hafa fjóra mánuði til að borga. Aðildin verður ekki að fullu gild fyrr en búið er að greiða. Ef aðild er ekki greidd verður hún ógild.

7. Kynning og samþykki á starfsáætlun 2018-19

8. Kynning og samþykki fjárhagsáætlun 2018

Um kvöldið var afhending verðlauna v. Grundtvig

### 4.3. Ráðstefna 28. Júní.

„Diverse approaches to cooperations and partnerships“. Fjallað var um hvað aðildarfélagar eru að vinna að í fullorðinsfræðslunni, hvaða ný tengsl hafa orðið til og hvernig megi byggja nýjar leiðir í samstarfi með rafrænum hætti. Tallinn var reyndar valinn sem ráðstefnustaður þar sem þar eru dæmi um einstakt samstarf aðila í fullorðinsfræðslu; þar er gott samstarf milli ríkis og einkaaðila í þessum geira. Terje Haidak, yfirmaður fullorðinsfræðsludeildar í menntamála- og rannsóknarráðuneyti Eistlands lagði áherslu á að samstarf sem þetta hefði mikið vægi í því að auka þátttöku í fullorðinsfræðslu í Eistlandi. Frá árinu 2007 hefði til að mynda þátttaka í símenntun aukist um frá 7% í 17%. „Sjálfeignarstofnanir miðla þörfum og áhuga fullorðinna til ríkisins í gegnum mismunandi vinnuhópa eða taka þátt í stefnumótun. Sjálfeignarstofnanir hjálpa til við að hanna betri stefnu í fullorðinsfræðslumálum“ sagði Terje Haidak og ítrekaði mikilvægi sjálfeignarstofnana (NGO) í því að gera fullorðinsfræðslu vinsæla og kynna námstækifæri fyrir fullorðna. Þessar stofnanir virka eins og tengill milli ríkisstjórnarinnar og nemenda eða væntanlegra nemenda. Gott dæmi um slíka vinnu eru ANDRAS, (EAEA aðili) sem hlaut EAEA Grundtvig viðurkenningu 2018 fyrir tengslanet sem hefur gert fullorðinsfræðslu vinsæla í landinu. (Andras og ENAEA voru gestgjafar ársfundarins og ráðstefnunnar).

Fjallað var um samstarf í rafrænum heimi, en Soili Meklin skólastjóri sagði frá „Snellman Summer University in Finland“ ræddi samstarf og „partnership“ frá því sjónarhorni. Snellman Summer University er gott dæmi um óformlegt fullorðinsfræðslusetur sem hefur tekið stór skref á undanförunum árum til móts við „vel virkandi nám á neti fyrir fullorðna“. Soili Meklin lagði áherslu þörfina fyrir gott samstarf á milli mismunandi aðila og hagsmunaaðila, en skólinn hefur hannað heildrænt „ecosystem“ sem býður upp á virkt nám á neti. Samstarf á milli fjármagns- tækni- og kennslufræði- aðila er nauðsynlegt. Soli minnt á að þrátt fyrir vaxandi þörf fyrir rafræn verkfæri og

fjarnám, skyldi mannlegi þátturinn aldrei gleymast við skipulag á námi, þ.e. ekkert virkar rafrænt ef mannlega þættinum er sleppt.

Rætt var um hvernig finna megi ný sjónarhorn hvað varðar samstarf og samvinnu aðila.

Hópaverkefnið „A world café“ var skipulagt með samstarf og „partnership“ í forgrunni og

þátttakendur fengu tækifæri til að ræða hugmyndir frá ýmsum sjónarhornum. Fyrir utan samstarf á



milli ríkis og einkageirans, og rafrænt samstarf, ræddu hópar um „samstarf við viðskiptalífið, „bottom-up“ samstarf, samstarf um lýðræði, partnerships í „Upskilling Pathways“ og samstarf við aðrar menntastofnanir. Formaðurinn Per Paludan Hansen lauk svo ráðstefnunni með þessum orðum „Að styrkja það sem til er og leita eftir nýju samstarfi er nauðsynlegt fyrir fullorðinsfræðsluna í framtíðinni. Um leið þurfum við að vera trú okkar gildum“.

## 5. Þróunarverkefni

Leikn tekur þátt í innlendum og erlendum þróunarverkefnum á þann hátt að virkja stjórnarmenn eða stofnfélaga til þátttöku. Á starfsárinu var unnið að tveimur samstarfsverkefnum:

### 5.1 .GOAL (Guidance and Orientation for Adult Learners)

Leikn átti fulltrúa í samráðshópi vegna Erasmus+ verkefnis sem Fræðslumiðstöð atvinnulífsins var aðili að. GOAL var þróunar- og stefnumótunarverkefni sem Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Mímir og MSS tóku þátt í en auk Íslands voru þátttakendur frá Hollandi, Tékklandi, Slóveníu, Litháen, Tyrklandi og Belgíu. GOAL verkefninu lauk formlega í janúar 2018. Í stuttu máli má segja að verkefnið hafi haft eflandi áhrif á samstarf á öllum þrepum varðandi námsráðgjöf fyrir hópa sem standa fjær námi og dregið fram mikilvæga þætti í því samstarfi



eins og tilvísanaferli, innihald ráðgjafar, færni ráðgjafa og tæki. Rannsóknarniðurstöður sýndu að sú ráðgjöf sem prófuð var hafði hvetjandi áhrif á markhópinn. Enn er unnið með niðurstöður verkefnisins og er Guðrún Vala fulltrúi Leiknar í samráðshópi. Heimasíða GOAL er hér:

<https://adultguidance.eu>

Goal verkefnið gekk út á að finna leiðir til að nálgast verst stadda einstaklinga í ráðgjöf fullorðinsfræðslunnar og finna verkfæri sem nýtast best.

## 5.2. VISKA

VISKA er tilrauna- og rannsóknarverkefni sem beinir sjónum að því forgangsatríði í stefnu Evrópusambandsins að efla starfshæfni innflytjenda með því að meta færni þeirra og auka þar með möguleika á því að fá störf við hæfi og hlúa að félagslegri aðlögun. Miðað er að því að þróa og efla



tengslanet hagsmunaðila og þróa verkfæri sem gera færni innflytjenda sýnilegri. Verkefnið er til þriggja ára og lýkur í byrjun árs 2020. Niðurstöður koma til með að veita upplýsingar fyrir stefnumótun landanna í málaflokkunum. Hægt er

að nálgast nánari upplýsingar um verkefnið á: <http://viskaproject.eu/>

[www.viskaproject.eu](http://www.viskaproject.eu). Verkefnið gengur út á að draga úr ósamræmi á mati á þekkingu, menntun og hæfni innflytjenda, hælisleitenda og flóttamanna. Þetta er gert til að auka möguleika þessara hópa á að fá starf við hæfi og stytta leið þeirra að vinnumarkaðinum eða hvetja þá til þess að ljúka námi.

Guðrún Vala er fulltrúi Leiknar og Helgi Þ. Svavarsson er varamaður.

**F.h. stjórnar Leiknar,**

---

**Guðrún Vala Elísdóttir, formaður.**

**formadur@leikn.is**



## Félagsaðilar Leiknar árið 2018-2019

1. **Austurbrú**, Tjarnarbraut 39, 700 Egilsstaðir – Jóna Árný Þórðardóttir framkvæmdastjóri (jona@austurbru.is)
2. **Endurmenntun Landbúnaðarháskóla Íslands**, Hvanneyri, 311 Borgarnesi – Guðrún Lárusdóttir endurmenntunarstjóri (gurra@lbhi.is).
3. **Farskólinn - miðstöð símenntunar á NV landi**, Faxatorgi, 550 Sauðárkróki – Bryndís Kristín Þráinsdóttir framkvæmdastjóri (bryndis@farskolinn.is).
4. **Félagsmálaskóli alþýðu**, Guðrúnartúni 1, 105 Reykjavík – Eyrún Björk Valsdóttir skólastjóri (eyrun@felagsmalaskoli.is)
5. **Fjölmennt**, Vínlandsleið 14, 113 Reykjavík – Helga Gísladóttir forstöðumaður (helgag@fjolmennt.is)
6. **Framvegis miðstöð símenntunar**, Skeifan 11b, 108 Reykjavík – Vigdís Þyri Ásmundsdóttir (vigdis@framvegis.is)
7. **Fræðslumiðstöð atvinnulífsins**, Skipholti 50b, 105 Reykjavík – Sveinn Aðalsteinsson framkvæmdastjóri (sveinn@frae.is)
8. **Fræðslumiðstöð Vestfjarða**, Suðurgata 12, 400 Ísafjörður – Elfa S. Hermannsdóttir forstöðumaður (elfa@frmst.is)
9. **Fræðslunetið – Símenntun á Suðurlandi**, Tryggvagata 13, 800 Selfoss – Eyjólfur Sturlaugsson framkvæmdastjóri (eyjolfur@fraedslunet.is)
10. **Fræðslusetrið Starfsmennt**, Skipholti 50b, 105 Reykjavík – Guðfinna Harðardóttir framkvæmdastjóri (gudfinna@smennt.is)
11. **IDAN-Fræðslusetur**, Vatnagarðar 20, 104 Reykjavík – Hildur Elín Vignir framkvæmdastjóri (hildur@idan.is)
12. **Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum**, Krossmóa 4, 260 Reykjanesbæ – Guðjónína Sæmundsdóttir forstöðumaður (ina@mss.is)
13. **Mímir-símenntun**, Höfðabakka 9, 110 Reykjavík – Sólveig Hildur Björnsdóttir framkvæmdastjóri (solveighildur@mimir.is)
14. **Námsflokkar Hafnarfjarðar**, Menntasetrið við Lækinn, 220 Hafnarfirði – Theodór Hallsson skólastjóri (teddi@hafnarfjordur.is)
15. **Námsflokkar Reykjavíkur**, Suðurlandsbraut 32, 108 Reykjavík – Iðunn Antonsdóttir forstöðumaður (idunn.antonsdottir@reykjavik.is)
16. **SÍMEY - Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar**, Þórsstíg 4, 600 Akureyri – Valgeir Magnússon framkvæmdastjóri (valgeir@simey.is)
17. **Símenntunarmiðstöð Vesturlands**, Bjarnarbraut 8, 310 Borgarnes – Inga Dóra Halldórsdóttir framkvæmdastjóri (ingadora@simenntun.is)
18. **Viska – símenntunarmiðstöð Vestmannaeyja**, Strandvegi 50, 900 Vestmannaeyjar – Valgerður Guðjónsdóttir forstöðumaður (viska@eyjar.is)
19. **Þekkingarnet Þingeyinga**, Hafnarstétt 3, 640 Húsavík – Óli Halldórsson forstöðumaður (oli@hac.is)